

Sb.

313. Tillaga til þingsályktunar

[180. mál]

um könnun á olfukaupum.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna nú þegar, með hvaða hætti tryggja megi sem best kaup á nægjanlegum olíuafurðum til langs tíma.

Í þessu skyni verði sérstaklega kannaðir möguleikar á olfukaupum hjá Norðmönnum frá hinum nýfundnu oliulindum í Norðursjó.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er ástand orkumála í heiminum vægast sagt alvarlegt. Íslendingar virðast í bili vel settir, þar sem flestallar olíutegundir eru keyptar frá Sovétríkjunum, og því ekki háðir takmörkun á framleiðslu eða sölu Arabaríkjanna.

Samningarnir við Sovétríkin renna hins vegar út árið 1975, en óvíst er, hvað við tekur. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að kanna nú þegar, hvernig tryggja megi Íslendingum olíuafköng í framtíðinni.

Í því sambandi er eðlilegt, að ríkisstjórnin athugi, hvort og þá með hvaða skilmálum Íslendingar geti fengið keypta olíu frá hinum nýfundnu oliulindum í Norðursjó. Talið er, að Norðmenn muni verða sjálfum sér nógir um olíu á næsta ári, og þegar mun farið að athuga um samninga um sölu á olíu og gasi.

Það er skoðun flutningsmanna, að heppilegt sé að dreifa meira áhættunni við oliuinnkaup, jafnframt því sem ekki er vitað, hve mikinn áhuga Sovétríkin hafa á að selja okkur olíuafurðir í jafnríkum mæli og hingað til. Auk þess er mun styttra að flytja olíuna frá Norðursjónum en frá Rússlandi, og gæti það haft í för með sér nokkurn sparnað og aukið öryggi.

Því má að sjálfsögðu ekki gleyma, að viðskiptin við Sovétríkin eru að mörgu leyti hagstæð, þar sem þau kaupa af okkur ýmsar útflutningsafurðir. Ber að sjálfsögðu að hafa það atriði í huga við nýja samningagerð.